

Reglur Foreldrafélags Húnavallaskóla

1. grein.

Félagið heitir Foreldrafélag Húnavallaskóla.

2. grein.

Félagar eru foreldrar og forráðamenn nemenda í Húnavallaskóla.

3. grein.

Markmið félagsins er:

- að efla samstarf foreldra, forráðamanna og starfsfólks skólans
- að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis og menntunarskilyrði
- að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra sem eiga börn í skólanum
- að vinna almennt að velferð barna
- að standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins alhliða þroska.

4. grein.

Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið:

- starfa eftir þeim ákvæðum laga og reglugerða sem Alþingi og menntamálaráðuneyti setur um grunnskóla
- kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans, t.d. með því að fulltrúi félagsins sitji skólanefndarfundi
- koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólayfirvöld
- hafa samstarf við stjórnendur, kennara, aðra starfsmenn skólans og aðila sem tengjast málefnum barna og unglinga
- skipuleggja og þróa leiðir til að efla samstarf heimila og skóla
- standa fyrir fræðslu og upplýsingamiðlun til foreldra og forráðamanna, m.a. með útgáfu fréttabréfa og fræðslufundum
- styðja eftir megni félags- og tómstundastarf nemenda.

5. grein.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 félögum og 3 til vara, kosnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, formaður, ritari og meðstjórnandi.

6. grein.

Í lok apríl ár hvert skal stjórn foreldrafélagsins skipa tvo nýja fulltrúa foreldra eða forráðamanna úr hverri bekkjardeild. Miða skal við að farið sé eftir stafrófsröð við skipan bekkjarfulltrúa. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og forráðamanna við nemendur og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hverrar bekkjardeildar. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Stjórn foreldrafélagsins setur bekkjarfulltrúum starfsreglur.

Tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir í skólaráð samkvæmt starfsreglum foreldrafélagsins, sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skólaráð er kosið til tveggja ára í senn.

7. grein.

Formaður situr sem fulltrúi félagsins í skólanefnd, boðar stjórnarfundi og almenna fundi í félaginu með a.m.k. 3ja daga fyrirvara. Fundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað. Heimilt er þó að boða stjórnarfund með minni fyrirvara en áður er sagt, ef brýna nauðsyn ber til.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á fundum félagsins.

8. grein.

Lögunum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi. Aðalfund skal halda einu sinni á skólaárinu og skal til hans boðað með minnst viku fyrirvara. Fyrirhugaðar breytingar skal tilkynna í aðalfundarboði.